

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
20.01.21	17:00	Teams	9
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Hjördís Sveinsdóttir		20.01.21
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
<i>Arnaldur Starri Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Lenya Rún Taha Karim fyrir Vöku</i>			
<i>Vífill Harðarson fyrir Röskvu</i>			
<i>Hólmfríður M. Böðvarsd. Howard fyrir Vöku</i>			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
<i>Brynhildur K Ásgeirsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Salóme Sirapat Friðriksdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ingi Pétursson fyrir Vöku</i>			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
<i>Ingibjörg Iða Auðunardóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu</i>			
<i>Katla Ársælsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
<i>Magdalena Katrín Sveinsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Gabríela Sól Magnúsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Sóley Arna Friðriksdóttir fyrir Röskvu</i>			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
<i>Herdís Hanna Yngvadóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ástráður Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Urður Einarsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
<i>Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ</i>			
<i>Sara Þöll Finnbogadóttir, lánasjóðsfulltrúi SHÍ</i>			
<i>Hjördís Sveinsdóttir, framkvæmdastýra SHÍ</i>			
<i>Sigurður Magnús Garðarsson, formaður stjórnar vísindagarða og sviðsforseti verkfræði- og náttúruvísindasviðs</i>			
<i>Rebekka Karlsdóttir</i>			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fyrir Röskvu

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 16. desember 2020 á Teams kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on December 16th 2020 on Teams at 17:00

1. Fundur settur 17:00
Meeting begins
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05
Vote/approval on minutes from last meeting
3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:05-17:25
Announcements and issues ahead
4. Kynning á Vísindagörðum (Kynning og umræður) 17:25-18:05
Presentation on Vísindagarðar (Presentation and discussion)
5. Hlé 18:05-18:15
6. Herferð SHÍ (Kynning og umræður) 18:15 - 18:35
SHÍ's campaign
7. Tillaga um þak á gildi prófa (atkvæðagreiðsla) 18:35 - 18:50
Proposal on exams validity (vote)
8. Önnur mál 18:50-19:00
Other issues
9. Fundi slitið 19:00
Meeting ends

1. Fundur settur

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla)

Vote/approval on minutes from last meeting

- a. Fundargerð samþykkt einróma.

3. Tilkynningar og mál á döfnni

Announcements and issues ahead

- a. Neyðarstjórnin hefur fundað tvisvar síðan vormisseri hófst. Á fundinum 7. janúar var umæða um háskólaræktar og tilkynning þess efnis var send út föstudaginn síðasta, en bara hóptímar í boði. Isabel spurði um íþróttaskóla fyrir börn stúdenta á fundinum, sem hefur ekki verið í gangi vegna Covid. Sammælt um að Isabel sendi upplýsingar til öryggisnefndar sem hún gerði.

Sóley Arna Friðriskdóttir kemur á fundinn kl. 17:10

Það var stöðufundur í morgun. Verið að tala um að opna rými frekar fyrir stúdenta til að mæta í skólann og læra. Þörfin mest á verk- og náttúruvísindasviði. Það liggur ekki fyrir hvenær næsti fundur er.

- b. Geðheilbrigðismál innan HÍ. Fundur var 7. janúar um skipulag vormisseris. Þá voru staðfestar HAM hópmeðferðir og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir vormisserin. Prófkvíðanámskeiðin vonandi þegar kemur að því. Sendum auglýsingu út um sálræk um daginn. Biðlistarnir hjá sálfræðingunum eru enn frekar langir og sennilega ekki allir sem komast þar að. Biðlistar í HAM hópmeðferðir líka.
- c. Varðandi samstarf SHÍ og Hugrúnar. Umræður í gangi um annað hvort umræðufjarfund eða litla herferð með Hugrúnu. Isabel hittir Kareni, formann Hugrúnar, aftur í næstu viku til að ræða þetta betur.
- d. Loftslagsverkfallið er byrjað og verður á sínum stað kl. 12:00 á föstudögum. Grímuskylda og halda fjarlægð.
- e. Jafnréttisvika HÍ. Það verður haldinn sameiginlegur viðburður með mannauðssviði, jafnréttisnefnd, fagráði um viðbrögð við kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi og Stúdentaráði. Það verður annars vegar kynning á niðurstöðum könnunar á vegum Félagsvísindastofnunar á vinnustaðamenningu HÍ og hins vegar erindi frá formanni fagráðs um viðbrögð við kynbundnu ofbeldi. Kynnum þennan viðburð í næstu viku. Viðburðurinn verður haldinn 3. febrúar. Isabel er að skrifa grein fyrir Flóru sem hluti af samstarfi Flóru og LÍS. Greinin hennar Isabel er um stöðu stúdenta í COVID, líðan og fjárhagsstöðu. Á að koma út í næstu viku.
- f. Háskóladagurinn verður 27. febrúar á Zoom. Margir Zoom linkar sem fólk getur flakkað á milli. SHÍ voru beðin um að vera með kynningu á Háskóladaginn. Eigum að vera tvö saman og halda umræðum gangandi. Isabel mun þurfa Stúdentaráð með sér í lið í þetta.

- g. MSN. SÞF segir frá. 8. janúar fengu námsmenn póst frá MSN þar sem þeim var tilkynnt að þau þyrftu að skila inn þinglýstum leigusamning innan 14 daga.

Katla Ársælsdóttir kemur á fundinn kl. 17:17.

Fóru í framhaldinu að skoða hvaða áhrif þetta hefur á stúdenta HÍ. Áður var líka hægt að senda inn seðil frá Ríkisskattstjóra um leigugreiðslur, en núna þarf að þinglýsa.

Rebekka Karlsdóttir kemur á fundinn kl. 17:18

Við sáum að það var upplýsingamistræmi, það kom ekki fram í yfirlýsingu sem stúdentar skrifuðu undir í upphafi að þetta þyrfti. Isabel og SÞF fóru á fund til þess að kanna hvar sjóðurinn stæði og hvað stjórnin gæti gert, og af hverju sjóðurinn væri að gera þetta. Óskuðu eftir því að sjóðurinn myndi víkja frá þessari kröfu og þetta yrði tekið út úr næstu úthlutunarreglum. IAD segir að það var samráðsfundur með ráðherra en Lilja komst ekki og Milla tók hann. Sjáum hvað setur. Lilja þvertók fyrir það að einhver myndi falla út úr námi vegna þessa.

Sigurður Magnús Garðarsson kemur inn kl. 17:23

Fólk hefur bara til 22. janúar til að skila þinglýstum samningum inn. SHÍ birtu yfirlýsingu í síðustu viku. SÞF segir að vinna við endurskoðun úthlutunarreglna fyrir næsta ár sé hafin.

- h. FS. IAD segir frá. Það er ekki lengur krafa að vera í námi til að sækja um herbergi, þar sem það er ekki ekki að fyllast í þau. FS og Háskólinn eru að skoða Hótel Sögu, sem eru í eigu Bændasamtakanna. Þau eru að skoða þessa byggingu ef til þess kæmi að þau gætu nýtt sér aðstöðuna, saman. Þetta er hugmynd sem kom upp hjá stórn FS, en þetta er enn á frumstigi.
- i. Stúdentaráðskosningar. Kjörstjórnin hittist í síðustu viku. Þau eru búin að skipta með sér verkum. Það er búið að ákveða 24. og 25. mars fyrir kosningar. Kjörstjórnin mun setja sig í samband við fylkingarnar. Ef það eru einhverjar spurningar er best að heyra í Jónasi, forseta kjörstjórnar.
- j. Næstu Stúdentaráðsfundir verða 17. febrúar, 10. mars og 21. apríl. Kannski dettur mars fundurinn niður vegna landsþings LÍS.

4. Kynning á Vísindagörðum (Kynning og umræður)

Presentation on Vísindagarðar (Presentation and discussion)

- a. Sigurður Magnús Garðarsson, formaður stjórnar Vísindagarða og sviðsráðsforseti náttúru og verk, kynnir starfsemi Vísindagarða. Glærukynning.
- b. Nú spurningar
- c. Arnaldur Starri spyr hvort það væri innan ykkar hugsjónar, að hvaða leyti þau eru að huga að uppbyggingu háskólasamfélagsins og þjónustu? Hvort það sé hluti af uppbyggingunni?
- i. SMG svarar. World Class verður þarna og það verður matartorg. Ekki matvöruverslun, ekki beinlínis þeirra hlutverk.

- d. Arnaldur spyr. Varðandi samstarfsfyrirtæki, að hverju miklu leyti skuldbinda þau sig sig formlega fyrir uppbyggingu? Er búið að ganga frá eiginlegum samstarfsverkefnum áður en að haldið er í uppbygginguna sjálfa?
- SMG svarar. Það er eitt af skilyrðunum fyrir þau að koma inn á svæðið að þau verði samfélagsþegn innan þessa svæðis. Þau fyrirtæki sem vilja koma þarna sjá hag sinn í því að vera í samfélaginu. Þau eru að sækjast eftir því að vera partur af Háskólanum.
- e. Vífill spyr. Verða fyrirtækin sem eru þarna til lengri tíma?
- SMG svarar. Þau sjá fyrir sér rotation, lengstu samningarnir eru 18 mánuðir. Þau ætlast til að fólk sé ekkert endilega lengi þarna. Ecosystem í gangi.
- f. Skrifstofan er með spurningu. Varðandi hljóðmengun, hafiði þælt í því hvernig er hægt að gera umhverfið sem þægilegast fyrir stúdenta á meðan uppbyggingu stendur?
- SMG svarar. Setja ákveðnar skorður á fyrirtækin. Stutta svarið já.
- g. Ástráður Stefánsson spyr. Tölvunarfræðingar deila hæð með CCP. Hver eru áformin með þá hæð, kennslustofur eða bara skrifstofur? Hver verður aðstaðan?
- SMG svarar. Kennslustofur og skrifstofur. Svo er líka stór fyrirlestrarsalur niðri, sem SMG sér fyrir sér að verði kennslusalur fyrir tölvunarfræði. Sér fyrir sér að tölvunarfræðinemar í grunnnámi og framhaldsnemar geti verið þarna.
- h. Ástráður Stefánsson spyr. Eru plön um að CCP taki á sig kennslu, eitthvað samstarf þar?
- SMG svarar. Stutta svarið já en hann ætlar að skoða þetta.

Sigurður Magnús Garðarsson yfirgefur fundinn kl. 17:50

5. Hlé

- Hlé tekið kl. 17:50 - 18:00

6. Herferð SHÍ (Kynning og umræður)

SHÍ's campaign

- IAD segir frá. Herferðin byggir á stöðu stúdenta á vinnumarkaði. Við ákváðum að yfirskrifin yrði “eiga stúdentar ekki betra skilið?” og undirtitillinn er “fjárhagslegt öryggi stúdenta”. Vekja athygli á þessu í garð stjórnvalda. Þetta eru kröfur sem Stúdentaráð kusu um í síðustu viku. Tvær kröfur: atvinnuleysisbótakrafan og hækkun grunnframfærslu framfærslulána. Isabel bætti við sumarstörfum og skrásetningargjaldinu í kröfur. Ráðherra lofaði á þeim tíma að stofna starfshóp um skrásetningargjaldið, en það hefur ekki gerst. Sumarstörfín hafa ekki verið hluti af eiginlegum kröfum, en það tókst brösulega í fyrra svo þau eru þarna líka. Tókum út geðheilbrigðismálin því þau voru ótengd. Skrifstofan fundaði með auglýsingastofu Landsbankans. Um er að ræða þrjú myndbönd og mögulega þrjár greinar. Koma út í næstu viku, fyrsta myndbandið kemur út á mánudaginn næsta. Fyrsta myndbandið er um fjárhagsöryggi og MSN. Skrifstofa Stúdentaráðs er í myndböndunum, Sara og

Hólmfríður eru í því fyrsta. Næsta myndband er um atvinnuleysisbótatrygginguna. Guðný og Isabel eru í því myndbandi. Þriðja myndbandið er um kröfurnar og samráð. Emily og Hjördís eru í því myndbandið. Auglýsingastofan er að vinna í myndakubbum fyrir samfélagsmiðla. Það verða tvær myndir í boði fyrir Stúdentaráð til að setja í cover á Facebook. Við hittum auglýsingastofuna áðan og það er enn verið að þæla í orðalaginu. Gögn byggja á drögum að nýju Eurostudent könnuninni. Guðný hefur verið að klippa myndböndin. Þæling að senda út á þriðjudeginum á hi-nem þar sem við útskýrum herferðina í stuttu máli og vísunum í lendingarsíðu á student.is, þar verður allt sem tengist herferðinni. Munum birta myndböndin á Facebook, Instagram og jafnvel TikTok. Ætlum samt að loka á komment á TikTok. Ætlum líka að veera á Twitter. Munum svo skipta á cover mynd og það verður einhver texti með. Mikilvægt að við tökum öll þátt. Það verður grein með hverju myndbandi og það verður skrifstofan sem skrifar þær líka.

7. Tillaga um þak á gildi prófa (atkvæðagreiðsla)

Proposal on exams validity (vote)

TILLAGA

20. janúar 2021

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir því að sett verði á þak á gildi prófa, svo að hvert próf megi ekki gilda meira en 80% af lokaeinkunn.

Rökstuðningur

Nú sem stendur eru hvorki reglur né viðmið í gildi hvað þak á gildi prófa í Háskóla Íslands varðar. Lagt er til að SHÍ beiti sér fyrir fjölbreyttu námsmati; Þar á meðal að hvert próf í hverju námskeiði megi ekki gilda meira en 80% af lokaeinkunn. Undirritaðar telja að 100% lokapróf einkenni úrelta kennsluhætti og sé sett þak á gildi prófa myndi það færa Háskóla Íslands nær nútímalegra námsmati, eins og t.d. símati með auknum verkefnaskilum og/eða hlutaprófum. Við teljum ótækt að meta heilan áfanga út frá dagsformi á degi lokaprófsins, sér í lagi þegar um veigamikla áfanga er að ræða. Því er mikilvægt að stúdentar fái tækifæri til að láta reyna á þekkingu sína yfir önnina og fá jafnt og þétt endurgjöf frá kennara. Við teljum að það gefi nemendum betri yfirsýn yfir stöðu þeirra í námskeiðinu og hvort að þeir nái tilsettum kröfum til að ná lágmarkseinkunn í námskeiðinu.

Málefni þetta hefur verið mörgum nemendum mikilvægt síðustu ár og þá sérstaklega nemendum á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands, þar sem gjarnan eru 100% lokapróf. Í þessari tillögu er miðað við 80% þak á gildi prófa þar sem við teljum það vera gott fyrsta skref. Þegar fram líða stundir viljum við að þetta þak sé lækkað enn frekar og lögð sé enn meiri áhersla á símat.

Fyrir hönd stúdentahreyfingarinnar *Röskvu*:

Ingibjörg Iða Auðunardóttir, meðlimur í Stúdentaráði, Sviðsráðs Hugvísindasviðs og

Kennslumálanefnd Hugvísindasviðs.

Rebekka Karlsdóttir, forseti Kennslumálanefndar SHÍ.

- a. Flutningsaðilar eru Ingibjörg Iða Auðunardóttir og Rebekka Karlsdóttir. Þessi tillaga sprettur upp úr því að það er búið að vera mikið í umræðunni síðustu ár og var áberandi í kosningarsímtölum Röskvu fyrir ári síðan. Engar reglur til staðar núna. Yfirvöld HÍ voru jákvæð fyrir þessari tillögu. Tillagan er um að lokapróf megi ekki gilda meira en 80% af lokaekunn. Þær telja þetta vera gjafmilda prósentu, og hefðu getað stungið upp á að hafa prósentuna lægri, með undantekningartilvikum. Telja þetta hagkvæmustu lausnina. Færa HÍ nær nútímalegri kennsluháttum. Töldu kröfuna vera sterkari ef hún er bara um 80% og engar undantekningar.
- b. HMB spyr. Voruði búnað að þæla hvernig á að útfæra almennuna í lögfræði og önnur 100% próf. Rebekka og Ingibjörg svara. Henni finnst þetta einmitt eiga við þá áfanga sem eru með 100% lokapróf. Hugsunin er að afnema þessi 100% lokapróf. Þessi próf myndu samt gilda heilmikið, en þetta gefur nemendum ákveðið svigrúm til að sýna fram á þekkingu sína á meira en einn máta á einum degi í einu prófi. Fá einhverkonar feedback áður en þau fara í lokapróf.
- c. Lenya spyr. Fyrir lagadeildina hefur venjan verið sú að almennan er 100% lokapróf. Hún veit ekki hvernig myndi vera gætt jafnræðis ef þessi tillaga myndi ná flugi. Ingibjörg svarar. Þessi tillaga er einmitt gerð til að gæta jafnræðis innan deilda. Til að nemendur hafi fleiri en eitt tækifæri til að sýna hæfni sína. Samræma kennsluhætti á milli deilda. Sjá hvernig mismunandi útfærslur á mismunandi sviðum verða.
- d. BKÁ ítrekar að þetta verður örugglega löng breyting einhversstaðar. Samt mikilvægt að halda áfram að þrýsta á þetta. Frábær tillaga.
- e. Isabel bætir við að kennslumálanefnd háskólans er fullkominn vettvangur til að ræða þetta.
- f. Atkvæðagreiðsla. Tillaga samþykkt með 14 atkvæðum. 1 situr hjá. 1 á móti.

8. Önnur mál

Other issues

- a. Næsti fundur verður mögulega haldinn í persónu, með fjarlægð.
- b. Engin önnur mál.

9. Fundi slitið

Meeting ends

- a. Fundi slitið kl. 18:35